

Lífið í sjávarþorpum á seinni hluta síðustu aldar

Rannsakandi: Daníel Freyr Jónsson

Viðmælandi: Rúnar (gervinafn), 59 ára karl.

Viðtalið tekið miðvikudaginn 20. mars kl. 16:30 með Zoom.

Uppskrift:

Daníel: Segðu mér frá uppvexti þínum í [staður].

Rúnar: Þetta var nú soldið svona ... erfitt má segja. Við vorum bara þrjú, sko ... ég mamma og [nafn] systir. Þannig að það var nú ekki mikið umleikis ... þannig. Mamma náttúrulega vann í frystihúsinu og það var ekki oft sem hún gat leyft sér eitthvað. [Þögn] Það var oft bara hafragrautur í matinn, sko. [Þögn] Ég man að í einhvern tíma var hún líka að þrifa í einhverjum stofnunum á kvöldin ... sko eftir vinnuna í frystihúsinu.

D: Hafði þetta einhver áhrif á skólagönguna?

R: Jú, jú, ... auðvitað. Maður var ekkert mikið upp á bókina ... eða þannig þú skilur. ... Ég veit sosem ekki hvort það var útaf því að það var náttúrulega ekkert verið að eyða í bækur og soleiðis. ... En sumir kennararnir voru samt mjög skilningsríkir. Ég man sérstaklega eftir [nafn] sem gaf mér bækur ... tvær að því mig minnir, sona unglingsbækur.

D: Þannig að reynslan af skólanum var ...

R: Jah, bæði góð og vond, þannig. ... Maður fór ekkert beint áfram í framhaldsskóla eða neitt soleiðis samt.

D: Það hefur ekki verið nein framhaldsmenntun?

R: Það kom löngu seinna. Þá fór maður í öldunginn og svo í viðskiptafræðina.

D: Hvað varstu þá að gera í millitíðinni? Sko eftir grunnskólann?

R: Bara vinna. ... Maður var náttúrulega byrjaður að vinna mjög ungur. ... Held ég hafi verið byrjaður að gella upp úr tólf ára sko. ... svo var maður í frystihúsinu á sumrin ... og svo náttúrulega bara lá það beinast við eftir níunda að fara bara að vinna ... manni datt ekki einu sinni í hug að halda áfram í skóla.

D: En ... þú segist hafa farið í öldungadeild og svo í viðskiptafræði ... hvernig kom það til?

R: Það var þegar ég var búinn að vera einhver ár í búðinni ... [nafn á fyrirtæki] sko. ... Það var engin framtíð í þessu verkamannabasli. Ég var búinn að vera í frystihúsinu og netagerðinni, byggingarvinnu og eitthvað fleira. ... Þarna í búðinni sá

maður að maður gæti kannski verið eitthvað annað en verkamaður alla tíð. Verslunarstjórinn sko ... helvíti finn kall hann [nafn], gerði mig að vaktstjóra. Svo var maður farinn að vesenast í vaktaplönunum og bókhaldinu og sona ... og allt náttúrulega eiginlega á skítalaunum sko ... af því maður hafði enga menntun. ... [þögn] Þannig að ég sá það eiginlega í hendi mér að það væri best að gera eitthvað með sjálfan mig í staðinn fyrir að vera í þessu endalausum basli.

D: Og hvað ... hvað varstu orðinn gamall þarna?

R: Ég var nú bara rétt að verða þrítugur. ... Manni fannst það voða gamalt þá [hlær] ... að maður væri voða fullorðinn og örugglega alltof seint að fara að mennta sig eitthvað ... en ætli mamma hafi ekki verið ... já, það sem réði úrslitum.

D: Nú, hvernig þá?

R: Heldurðu ekki að sú gamla, ... frystihúsakelling alla sína ævi ... hafi ekki bara farið að læra heilsunudd. ... Það var einhvern veginn sparkið sem ég þurfti ... fyrst sú gamla gat farið að læra eitthvað nýtt af hverju ætti ég þá ekki að geta það?

D: Já, ókei!

R: Einmitt, svo ég dreif mig í öldunginn.

D: Já, ... en kannski aftur að lífinu í [staður]. Það hefur ekki bara snúist um vinnuna.

R: Hvað meinaru?

D: Bara ... hvað annað voruð þið að gera.

R: Þegar ég var krakki?

D: Já, til dæmis ... líka seinna kannski.

R: Seinna voru það kannski bara aðallega böllin og fyllerí [hlær] ... krakkar byrjuðu náttúrulega að drekka frekar snemma á þessum tíma. ... Ætli ég hafi verið þrettán-fjórðán þegar ég datt fyrst í það. [þögn] Maður komst náttúrulega ekkert inn á böllinn þá, en maður var sona að sniglast fyrir utan.

D: Var mikil drykkja?

R: Nei, nei, ... ég er nú að ýkja þetta eitthvað. Að minnsta kosti með okkur krakkana. ... Það var einn og einn sem fór illa út úr þessu .. en flestir byrjuðu kannski eitthvað sona að fikta þú skilur ... en svo varð nú ekkert meira úr því ... þannig. [þögn] Ætli þetta hafi verið meira en svona tvö þrjú böll meðan maður var enn í skólanum ... en þetta situr eftir í minningunni.

D: Jú, jú. ...

R: Samt snerist lífið á þessum árum bara um þetta vanalega held ég. ... Leika við vini sína og passa [nafn] systu og sona. ... Þó þetta hafi verið erfitt og sona ... aðallega fyrir mömmu kannski ... þá var maður ekkert að hugsa út í það þegar maður var krakki. [þögn] Ég hafði það bara fínt sko ... leið ekki skort eða soleiðis neitt.